


Ingunnarskóli

Námsmat í íslensku

9. bekkur

1. önn	2. önn	3. önn
<p>Málfræði: „Svindlpróf” eftir að nemandi hefur lokið ákveðnum málfræðipáttum skv. málfræðiprepi. Ákveðnir færniþættir eru settir fram á þrepablaði sem nemandi hakar við þegar hann telur sig hafa náð tókum á viðkomandi þætti. Þannig veit hann hvaða þekkingu hann á að hafa náð eftir vinnu þrepsins. Nemandi undirbýr sig heima og má hafa með sér í prófið glósur á einu A4-blaði úr efninu. Nemandi heldur svo áfram í öðrum málfræðipáttum að þessum loknum.</p> <p>Stafsetning: Könnun eftir upplestri.</p> <p>Bókmenntir: Kjalnesingasaga lesin og nemendur svara spurningum úr hefti sem svo er skilað. Vinnusemi nemenda í tímum ásamt vinnubók metin. Í lokin taka nemendur samvinnupróf úr sögunni, tveir og tveir saman. Geta nemenda er höfð í huga þegar valið er saman í hópa. Nemendur hafa kost á að svara spurningum</p>	<p>Málfræði: Könnun eftir að nemandi hefur lokið ákveðnum málfræðipáttum skv. málfræðiprepi. Ákveðnir færniþættir eru settir fram á þrepablaði sem nemandi hakar við þegar hann telur sig hafa náð tókum á viðkomandi þætti. Þannig veit hann hvaða þekkingu hann á að hafa náð eftir vinnu þrepsins. Nemandi heldur svo áfram í öðrum málfræðipáttum að þessum loknum. Ákveðnir nemendur fá einfaldari útgáfu af þessu málfræðiprepi og könnun í samræmi við það.</p> <p>Stafsetning: Könnun eftir upplestri.</p> <p>Bókmenntir: Nemendur vinna í jólaljóðahefti og skila því svo til mats hjá kennara fyrir áramót. Eftir áramót verður unnið með þjóðsögur og ævintýri og verða verkefni og vinnusemi í tímum metin. Bæði eru einstaklingsverkefni metin og hópverkefni. Ákveðnir nemendur fá einfaldari útgáfu af einstaklingsverkefnum</p>	<p>Málfræði: Könnun eftir að nemandi hefur lokið ákveðnum málfræðipáttum skv. málfræðiprepi. Ákveðnir færniþættir eru settir fram á þrepablaði sem nemandi hakar við þegar hann telur sig hafa náð tókum á viðkomandi þætti. Þannig veit hann hvaða þekkingu hann á að hafa náð eftir vinnu þrepsins.</p> <p>Stafsetning: Könnun eftir upplestri.</p> <p>Bókmenntir og ritun: Korkusaga eftir Vilborgu Davíðsdóttur lesin. Reglulega unnin ritunarverkefni upp úr sögunni og þau ásamt flutningi þeirra fyrir bekkinn metin ásamt virkni í tímum. Krossapróf úr sögunni.</p> <p>Ákveðnir nemendur lesa aðeins fyrri hluta bókarinnar, „Við Urðarbrunn” og fá aðlöguð verkefni og námsmat.</p> <p>Lestur: Sjá bókmenntir.</p> <p>Ritun: Ritunarverkefni metin.</p>



Ingunnarskóli

<p>í eigin nafni ef þeir geta ekki komist að samkomulagi um rétt svar.</p> <p>Lestur: Nemendur lesa einu sinni í viku í kjörbók í tímum og skrifa mismunandi ritunarverkefni tengd lestrinum í kjörbókarstílabók. Kennari fer yfir stílabókina og skrifar athugasemdir við verkefni. Þannig fær nemandi færi á að bæta það sem betur má fara.</p> <p>Ritunarverkefni metin. Einnig er tveimur kjörbókarskýrslum skilað á önninni og þær metnar.</p> <p>Ritun: Ritunarverkefni úr kjörbókarstílabók metin og einnig tímaritgerð úr Kjalnesingasögu. Nemendur höfðu fengið upp gefin þrjú ritunarverkefni sem þeir áttu að undirbúa heima og svo var dregið um verkefni þegar í tíma var komið.</p>	<p>úr þjóðsögum.</p> <p>Lestur: Nemendur lásu einu sinni í viku í kjörbók í tímum og skrifuðu mismunandi ritunarverkefni tengd lestrinum í kjörbókarstílabók. Kennari fer yfir stílabókina og skrifar athugasemdir við verkefni. Þannig fær nemandi færi á að bæta það sem betur má fara.</p> <p>Ritunarverkefni metin. Einnig er einni kjörbókarskýrslu skilað á önninni og hún metin.</p> <p>Ritun: Frumsamin þjóðsaga eða ævintýri.</p> <p>Framsögn: Nemendur flytja ljóð fyrir bekkinn og velja flutningsform – söngur, upplestur, leikþáttur, einn eða fleiri saman. Einnig kynna nemendur önnur verkefni.</p>	
---	--	--



Í bókmenntavinnu með þjóðsögur og ævintýri er stefnt að því að blanda listgreinakennslu inn í verkefni og fá nemendur til að vinna skapandi vinnu þó það hafi ekki náðst í vetur.

Í ritun finnst okkur nemendur ekki alltaf taka nóg tillit til athugasemda kennara á verkefnum eftir að búið er að gefa einkunn og viljum við því prófa að breyta fyrirkomulaginu á þann hátt að nemendur skili verkefnum, fái einkunn og athugasemdir frá kennara og hafi svo tækifæri til að lagfæra verkefnið samkvæmt ábendingum og skila því aftur. Þá væri aftur gefin einkunn sem gildi 50% á móti hinni fyrri.

Öll verkefni sem nemendur vinna og vinnubækur sem kennari hefur yfirfarið setja nemendur í safnmöppur sínar sem skipt er upp eftir faggreinum. Í lok skólaársins velja nemendur þau verkefni sem þeir eru ánægðastir með og setja aftast í möppuna þar sem hólf er fyrir úrvalsmöppu.

Við erum enn að vinna í að aðlaga efni íslenskunnar, bæði málfræðiprep, bókmenntaefni og stafsetningu. Stefnt er að að eiga hliðarefni, einfaldari útgáfu af öllum verkefnum og málfræðiefni ásamt námsmat. Þeir nemendur sem á þurfa að halda fá hljóðbækur með lesnu bókmenntaefni.